

21. júní 2016

Tekjuskiptingaruppgjör 2014

Non-financial institutional sector accounts 2014

Samantekt

Hagstofan birtir nú niðurstöður tekjuskiptingaruppgjors fyrir alla fimm megingeira íslenska hagkerfisins ásamt útlöndum yfir árið 2014. Auk þess hafa niðurstöður fyrir árin 2000 til 2013 verið endurskoðaðar að hluta. Uppgjörið felur ekki í sér nýtt mat á vergri landsframleiðslu í heild eða helstu undirliðum hennar heldur er byggt á niðurstöðum ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjors þjóðhagsreikninga. Hér er aftur á móti lögð áhersla á að skrá verðmætastraumana milli megingeira hagkerfisins. Geiraskiptir fjármagnsreikningar eru nú birtir í fyrsta sinn.

Vergur sparnaður heimilageirans nam 3,8% af ráðstöfunartekjum þess geira á árinu 2014 samanborið við 2,5% árið 2013. Verg fjármunamyndun þess geira nam 5,6% af ráðstöfunartekjum ársins 2014 en var 5,2% árið áður. Verg fjármunamyndun fyrirtækja landsins nam 11,3% af VLF árið 2014 samanborið við 10,2% árið 2013. Vergur rekstrarafgangur annarra fyrirtækja en fjármála-fyrirtækja nam 40,5% af vinnsluvirði þeirra árið 2014 en 42,1% árið áður.

Inngangur

Mismunandi uppgjörsaðferðir

Tekjuskiptingaruppgjörin er ein af þremur alþjóðlega viðurkenndum aðferðum sem beitt er við uppgjör þjóðhagsreikninga. Hinar aðferðirnar eru annars vegar uppgjör samkvæmt ráðstöfun og hins vegar uppgjör samkvæmt framleiðslu.

Ráðstöfunaruppgjör byggist á því að meta þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota, þ.e. einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingar og útflutnings. Innflutningur dregst hins vegar frá til þess að forðast tvítalningu. Á hinn bóginn byggir framleiðsluuppgjörin á því að meta verðmætasköpunina eða virðisaukann þar sem hann myndast. Virðisaukinn verður til í einstökum fyrirtækjum og atvinnugreinum og samanstendur af vinnulaunum, afskriftum af framleiðslufjármunum og hreinum hagnaði fyrirtækja áður en kemur til greiðslu vaxta. Þriðja uppgjörsaðferðin og sú uppgjörsaðferð sem hér er til umfjöllunar, tekjuskiptingaruppgjörin, byggir á því að meta virðisaukann eftir að honum hefur verið útteilt til þeirra, sem tekið hafa þátt í myndun hans.

Í tekjuskiptingaruppgjörinu er öllum efnahagsaðilum hagkerfisins skipt upp í fimm innlenda megingeira, þ.e. (1) fyrirtæki önnur en fjármálastofnanir, (2) fjármálastofnanir, (3) hið opinbera, (4) heimilin og (5) félagasamtök. Í uppgjörinu eru þáttatekjur, tilfærslutekjur og eignatekjur hvers geira metnar. Með sama hætti eru útgjöld geirans metin, bæði til endanlegrar ráðstöfunar og tilfærslna. Þáttatekjur að viðbættum nettó tilfærslutekjum og nettóeignatekjum mynda ráðstöfunartekjur hvers geira. Í tekju- og útgjaldareikningum gildir, að ráðstöfunartekjur hvers geira eru samtala sparnaðar og útgjalda hvers geira.



Útlönd eru talin sem sjötti geirinn. Í tekjuskjortingaruppgjörinu er færður einn reikningur fyrir öll viðskipti við útlönd, hvort sem um er að ræða vöru-, þjónustu- eða tilfærsluviðskipti. Augljóst er að „útlönd“ uppfylla ekki meginreglu geiraskjortingar í tekju- og útgjaldareikningi, þ.e. þau mynda ekki afmarkaðan hóp hvað varðar ákvarðanir um tekjuöflun og ráðstöfun. Hins vegar er nauðsynlegt að í tekjuskjortingaruppgjörinu sé færður reikningur fyrir útlönd, m.a. vegna afstemmingar. Uppgjörið fyrir útlönd sem hér er birt er unnið úr uppgjöri viðskiptajafnaðar sem Seðlabanki Íslands birtir ársfjórðungslega.

Hinar mismunandi aðferðir þjóðhagsreikninga ættu fræðilega séð að gefa sömu niðurstöðu því í reynd er alltaf verið að meta sömu stærðina, þ.e. niðurstöður efnahagsstarfseminnar eða virðisaukann á ákveðnu tímabili, á ársgrundvelli eða ársfjórðungslega. Munurinn felst einungis í því hvar verðmætin eru metin, þ.e. hvort þau eru metin þar sem þeim er ráðstafað, eða þar sem þau verða til. Vandí getur þó verið að fá þær til að stemma þar sem mismunandi heimildir eru notaðar fyrir hverja þeirra.

Tímaraðirnar sem hér eru birtar ná yfir árin 2000–2014 á verðlagi hvers árs.¹

Geiraflokkun

Mikilvægt er að allir efnahagsaðilar sem mynda hvern geira séu flokkaðir með réttum hætti. Við geiraflokkun efnahagsaðila eru þrjú lykiltríði lögð til grundvallar:

1. Er viðkomandi aðili efnahagsleg eining (e. institutional unit)?
2. Framleiðir einingin vöru og/eða þjónustu utan markaðar?
3. Er einingin undir yfirráðum hins opinbera?

Lítið er á framleiðslufyrirtæki og fjármálastofnanir sem hagnaðardrífna efnahags-einingar öfugt við opinbera starfsemi, sem að mestu leyti er fjármögnuð með skattlagningu. Félagasamtök (e. non-profit institutions) eða sjálfeignastofnanir takmarkast við þær efnahags-einingar sem ekki skila aðstandendum sínum arði. Þær má síðan flokka frekar eftir því hvort þær eru í markaðsstarfsemi eða ekki. Félagasamtök sem stunda markaðsstarfsemi flokkast með fjármálastofnunum eða framleiðslufyrirtækjum eftir því hvort þær eru í fjármálaþjónustu eða ekki. Megingeirinn „Félagasamtök“ nær því einungis til þeirra efnahags-eininga sem kallast félagasamtök og eru ekki í markaðsstarfsemi (e. non-market producer) né undir yfirráðum hins opinbera. Félagasamtök sem eru undir yfirráðum hins opinbera flokkast með hinu opinbera. Að síðustu eru heimilin flokkuð sem sér geiri.

Við geiraflokkun er mikilvægt að gera greinamun á efnahagslegum einingum og öðrum einingum í hagkerfinu. Efnahagsleg eining (e. institutional unit) þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:


1. Getur átt eignir og ráðstafað þeim að vild.
2. Átt í viðskiptum við aðrar efnahagsaðila á eigin ábyrgð.
3. Stofnað til skulda með bindandi samningum.
4. Uppfyllir kröfur um bókhald.

¹ Nálgast má tölur úr tekjuskjortingaruppgjöri fyrir árin 2000–2014 á vefsvæði Hagstofunnar. Í viðauka aftast í heftinu má sjá töflur sem sýna tímaraðir úr uppgjörinu fyrir árin 2011–2014, sjá bls. 13–25.

Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt er ekki um sjálfstæða efnahagseiningu að ræða. Flestar stofnanir A-hluta ríkissjóðs eru ekki efnahagslegar einingar þar sem þær geta ekki skuldsett sig eða ráðstafað eignum að eigin frumkvæði. Á mynd 1 á næstu síðu er að finna geiraflokkunartré sem nota má við geiraflokkun efnahagsaðila.

Mynd 1. Geiraflokkunartré þjóðhagsreikninga

Figure 1. Allocation of units to sectors




Meginhagvísar uppgjörans

Sögulega séð hefur eitt meginmarkmið við gerð tekjuskiptingaruppgjörans verið að greina betur efnahagslega hegðun og stöðu fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja og heimilageirans innan hvers hagkerfis. Einna mestur skortur hafði verið á talnalegum upplýsingum varðandi þá tvo geira í áður birtum tölfræðigögnum þegar innleiðing þessa uppgjörans hófst á vegum Evrópusambandsins um miðbik tíunda áratugarins.² Annað meginmarkmið með uppgjörinu er, eins og áður hefur verið lýst, að ná yfir allt hagkerfið til að kortleggja innbyrðis tekju- og útgjaldaflæði milli allra geiranna.

Á undanförunum árum hefur skapast hefð fyrir að taka saman og birta nokkra meginhagvísa (e. key indicators) samhliða útgáfu tekjuskiptingaruppgjörans. Nánar tiltekið er þar um að ræða hlutfall sparnaðar annars vegar og fjármunamyndunar hins vegar af ráðstöfunartekjum heimilageirans, ásamt hlutfalli rekstrarafgangs og fjármunamyndunar af vinnsluvirði fyrirtækja.

Mynd 2. Meginhagvísar heimilageirans

Figure 2. Key indicators from the household sector




Vergur sparnaður af ráðstöfunartekjum heimilageirans var jákvæður um 3,8% árið 2014, samanborið við 2,5% árið 2013 og að meðaltali um 1,2% yfir tímabilið 2000–2014. Aukning í vergum sparnaði milli ára má að mestu rekja til 7,1% hækkunar í vergum ráðstöfunartekjum. Hæst nam sparnaður 10,2% af ráðstöfunartekjum árið 2008 en var neikvæður um 12% árið 2000. Verg fjármunamyndun þess geira nam rúmlega 5,6% af ráðstöfunartekjum árið 2014, samanborið við 5,2% árið áður og að meðaltali 7,5% yfir allt tímabilið. Hæst fór fjármunamyndun heimila í 11,1% af ráðstöfunartekjum árið 2007 og lægst í 4,5% árið 2010.

² Nánari umfjöllun um sögulega þróun í Evrópu við gerð tekjuskiptingaruppgjörans má finna í eftirfarandi pappír frá Eurostat: <https://www.imf.org/external/np/seminars/eng/2011/sta/pdf/eurostat.pdf>

Mynd 3. Meginhagvísar fyrirtækjageira

Figure 3. Key indicators from the corporation sectors



Verg fjármunamyndun fyrirtækja landsins (geira S.11 og S.12) nam 11,3% af VLF árið 2014, samanborið við 10,2% árið áður og að meðaltali 13,7% á tímabilinu 2000–2014. Hæst fór fjármunamyndun þeirra í 25,2% af VLF árið 2006 en lægst í 8,5% árið 2010. Verg fjármunamyndun fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja nam 19,6% af vinnsluvirði þeirra árið 2014 og var að meðaltali 25,7% yfir allt tímabilið. Hæst fór hún í 49,3% árið 2006 en lægst í 15,1% árið 2010. Vergur rekstrarafgangur annarra fyrirtækja en fjármálafyrirtækja nam 40,5% af vinnsluvirði þeirra árið 2014, samanborið við 42,1% árið áður. Rekja má þá lækkun að stærstu leyti til þess að launakostnaður fyrirtækjanna óx hraðar (7,9%) á milli ára en vinnsluvirðið (4,8%). Vergur rekstrarafgangur af vinnsluvirði þessa geira var að meðaltali 38,6% á árunum 2000–2014. Það hlutfall var hæst árið 2010 er það nam 50,6%, en lægst árið 2007 er það mældist 21,3%.

Tekjuskiptingaruppgjörið


Heildstætt tekjuskiptingaruppgjör veitir heildaryfirlit yfir efnahagsstarfsemina og má skipta því upp í þrjá meginflokkka; viðskiptareikninga (*e. current accounts*), uppsöfnunarreikninga (*e. accumulation accounts*) og efnahagsreikninga (*e. balance sheet*) í samræmi við þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (*e. System of National Accounts*).

Í þessari skýrslu eru teknir fyrir viðskiptareikningar, merktir ljósbláir á mynd 4, auk fjármagnsreiknings. Viðskiptareikningurinn sýnir yfirlit yfir framleiðslu, dreifingu tekna og tekjuflæðið milli geira. Hver reikningur byrjar með upprunalið (tekjur) og lokast með ráðstöfunarlið (gjöld) sem afstemmingarlið (*e. balancing items*). Síðasti afstemmingarliðurinn í viðskiptareikningum er sparnaður sem í þjóðhagsreikningum er sá hluti tekna af framleiðslu hagkerfisins, innanlands eða utan, sem ekki er ráðstafað til neyslu. Fjármagnsreikningurinn sýnir yfirtökur að frádregnum ráðstöfunum eigna, annarra en fjáreigna, eftir geirum og mælir breytingar á hreinni eign hvers geira vegna sparnaða og fjármagnstilfærslna.

Á mynd 4 má sjá myndræna uppsetningu á þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (SNA) með hliðsjón af geiraskiptingunni. Þar kemur hver geiri fram tvisvar sinnum, þ.e. bæði gjalda- og tekjumegin.

Mynd 4. Þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (SNA)

Figure 4. System of national accounts (SNA)



Framleiðslureikningur


Upplýsingar unnar úr
framleiðsluuppgjöri

Framleiðslureikningurinn er unninn út frá upplýsingum úr framleiðsluuppgjöri Hagstofunnar og skattagrunnskrá fyrir hvert ár. Hlutföll geiranna af launagreiðslum í hverri atvinnugrein eru notuð til að skipta framleiðslu, aðföngum, leiðréttingu aðfanga vegna framleiðsluskatta/framleiðslustyrkja og afskriftum niður á geira. Ráðstöfunarliður þess reiknings, verg landsframleiðsla (VLF), er hér reiknuð sem vinnsluvirði úr hverjum geira auk leiðréttingar aðfanga vegna framleiðsluskatta að

frádræginni afstemmingu aðfanga vegna framleiðslu-styrkja, skv. framleiðslu- og ráðstöfunaruppgjöri.

Mynd 5. Hlutdeild hvers geira í VLF 2005–2014

Figure 5. Each sectors share in GDP 2005–2014



Hlutdeild fyrirtækja annarra en fjármálastofnana um 60% í vergri landsframleiðslu


Á árinu 2014 var hlutdeild fyrirtækja annarra en fjármálastofnana í VLF tæp 63% og mælist að meðaltali 60% yfir tímabilið 2000-2014. Sú hlutdeild fór hæst í 63,3% árið 2001 og lægst í 53,8% árið 2007. Hlutur hins opinbera nam 16,5% í VLF árið 2014. Það hlutfall var hæst 20,2% árið 2003 og lægst 16% árið 2013, en mælist að meðaltali 18,1% yfir allt tímabilið. Þriðji stærsti geirinn á þennan mælikvarða litið eru heimilin. Hlutdeild þeirra var 10,7% árið 2014 en að meðaltali 11,1%, hæst 11,9% árið 2000 en lægst 9,8% árið 2006. Hlutur fjármálastofnana var 7,8% á árinu 2014 og að meðaltali 7,7% af VLF yfir tímabilið. Hæst fór hlutdeildin í 13,8% árið 2007 en var lægst 4,3% árið 2000. Hlutdeild félagasamtaka var 2,5% á árinu 2014 og að meðaltali 2,9% í VLF yfir tímabilið. Hæst fór sú hlutdeild í 3,6% árið 2003 og lægst í 2,2% árið 2013.

Tekjureikningar

Virðisaukinn sem kemur fram í framleiðslureikningum einstakra geira flyst yfir í tekjureikninga sömu geira. Því til viðbótar koma eignatekjur og -gjöld, trygginga- iðgjöld og tjónabætur, tekjutilfærslur til og frá hinu opinbera o.fl. Þegar neysla heimila, félagasamtaka og hins opinbera hefur verið gjaldfærð í einstökum geirum sýnir afgangurinn eða afstemmingarliðurinn þann sparnað sem myndast hefur í geiranum. Sá liður myndar síðan upphafsstöðu í fjármagnsreikningi (e. *capital account*) sem er fyrsti hluti uppsöfnunarreikninga (e. *accumulation accounts*). Á mynd 6 má sjá nánari lýsing á uppsetningu tekjureikninganna.

Mynd 6. Uppsetning tekjureikninga

Figure 6. Sequence of income accounts




Notkun ráðstöfunartekna

Sparnaður síðasti afstemningarlíður viðskiptareikninga

Síðasti reikningur yfir tekjuskiptingu innlendra geira nær yfir notkun ráðstöfunartekna sem ýmist má verja til neyslu eða sparnaðar. Jöfnuður reikningsins sýnir vergan og hreinan sparnað. Vergur sparnaður heimilageirans reiknast sem vergar ráðstöfunartekjur eftir að leiðrétt hefur verið fyrir breytingum á hreinni eign heimila í lífeyrissjóðum en að frádreginni einkaneyslu heimila. Á sama hátt er vergur sparnaður fjármálastofnana jafn vergum ráðstöfunartekjum þess geira að frádregnum breytingum á hreinni eign heimila í lífeyrissjóðum. Vergur sparnaður hins opinbera er jafn vergum ráðstöfunartekjum að frádregnum hlut hins opinbera í einkaneyslu auk samneyslu.

Mynd 7. Vergur sparnaður innlendra geira 2005–2014

Figure 7. Gross saving of domestic sectors 2005–2014




Íslenska hagkerfið einkennist af talsverðum breytingum í vergum sparnaði. Vergur sparnaður fyrirtækja annarra en fjármálastofnana er jafn vergum ráðstöfunartekjum, en líkt og greint hefur verið frá voru þær tekjur neikvæðar á árunum 2006–2008. Á árinu 2014 skilaði sá geiri rúmum 278 milljörðum króna í vergan sparnað eða 66,1% af vergum sparnaði þjóðarbúsins. Sá sparnaður dróst saman um 7% frá árinu áður. Vergur sparnaður fjármálastofnana nam rúmum 43 mö.kr. á árinu 2014 og dróst saman um 44% frá fyrra ári. Hið opinbera skilaði á árinu 2014 rúmum 91 ma.kr. í vergan sparnað sem er 196% aukning frá árinu áður og heimilin tæpum 40 mö.kr. sem er 61% aukning frá árinu 2013.

Fjármagnsreikningur

Í fjármagnsreikningnum er horft til þess að hvað miklu leyti yfirtökur að frádregnum ráðstöfunum eigna, annarra en fjáreigna, eru fjármagnaðar af sparnaði annars vegar og fjármagnstílfærslum hins vegar. Nánar tiltekið sýnir sá reikningur breytingar hreins virðis hjá hverjum geira hagkerfisins vegna sparnaðar og fjármagnstílfærslna.

Mynd 8. Breytingar hreins virðis vegna sparnaða og fjármagnstílfærslna

Figure 8. Changes in net worth due to saving and capital transfers




Hreinn sparnaður heimilageirans var neikvæður um 28,2 ma.kr. á árinu 2014, samanborið við 39 ma.kr. neikvæðan hreinan sparnað árið 2013.³ Breytingar hreins virðis vegna sparnaðar og fjármagnstílfærslna nam -28,8 ma.kr. árið 2014 hjá heimilum, en -36,1 ma.kr. árið áður. Hreinn sparnaður, ásamt breytingum hreins virðis hjá heimilageiranum, mælist einungis jákvæður yfir árin 2007 og 2008 á því tímabili sem hér er til skoðunar. Hjá hinu opinbera námu breytingar hreins virðis vegna sparnaðar og fjármagnstílfærslna um -2 ma.kr. á árinu 2014, samanborið við -34,4 ma.kr. árið 2013. Fjármálastofnanir skiluðu 73,8 ma.kr. í aukningu hreins virðis vegna sparnaðar og fjármagnstílfærslna á árinu 2014, en sú aukning nam 72,2 ma.kr. árið áður. Breyting hreins virðis hjá öðrum fyrirtækjum en fjármálastofnunum nam aukningu um 105,2 ma.kr. á árinu 2014 og 128,9 ma.kr. á árinu 2013.

Útlönd

Sérstakur reikningur er færður fyrir sjötta geirann, útlönd. Sá geiri uppfyllir ekki meginreglu geiraskiptingar í tekju- og útgjaldareikningi, þ.e. myndar ekki afmarkaðan hóp hvað varðar ákvarðanir um tekjuöflun og ráðstöfun. Hins vegar er nauðsynlegt að færa sérstakan reikning við útlönd í tekjuskiptingaruppgjöri m.a. vegna afstemmingar.

Stærsta framlag þess geira, ef frá er talinn inn- og útflutningur á vöru og þjónustu, kemur í gegnum eignatekjur og -gjöld. Hlutur útlanda í þeim liðum fór ört vaxandi um miðbik síðasta áratugar, og þá sérstaklega tekjumegin. Þó hefur sá liður dregist nokkuð ört saman á undanförunum árum, eins og greina má á mynd 9.

³ Hreinn sparnaður = vergur sparnaður – afskriftir

Mynd 9. Eignatekjur- og gjöld erlendra aðila 2000–2014*Figure 9. Property income from abroad 2000–2014*

English summary

Statistics Iceland publishes now the non-financial institutional sector accounts data for 2014, along with revised data for 2000-2013. The figures published here do not present a new assessment of the overall GDP or other major components of the National Accounts for Iceland. Instead the focus is on dividing the totals between different sectors, as well as more detailed analysis of major transfers and flows between sectors.

Gross savings of the household sector amounted to 3.8% of disposable income of the sector in 2014, compared with 2.5% in 2013. Gross fixed capital formation from households amounted to 5.6% of their disposable income in 2014 and 5.2% the year before. Gross fixed capital formation of corporations amounted to 11.3% of GDP in 2014 compared to 10.2% in 2013. The gross profit share of non-financial institutions accounted for 40.5% in 2014 and 42.1% in the previous year.

In following tables the non-financial institutional sector accounts for 2011–2014 are represented. Data for 2000–2014 can be downloaded from [Statistics Iceland website](#).

Tafla 1. Meginhagvísar uppgjörins 2011–2014

Table 1. Key indicators from the non-financial sector accounts 2011–2014

Hlutfall <i>Ratio</i>	2011	2012	2013	2014
S.1 Ísland <i>Iceland</i>				
Heildarfjárfesting af VLF <i>Total investment of GDP</i>	15,4	16,0	15,7	17,3
S. 14 Heimili <i>Households</i>				
Vergur sparnaður af ráðstöfunartekjum <i>Gross savings to disposable income</i>	1,8	1,7	2,5	3,8
Verg fjármunamyndun af ráðstöfunartekjum <i>Gross capital formation to disposable income</i>	4,6	4,8	5,2	5,6
Verg fjármunamyndun af VLF <i>Gross capital formation to GDP</i>	2,4	2,5	2,7	2,9
S.11/S.12 Fyrirtæki <i>Corporations</i>				
Verg fjármunamyndun af VLF <i>Gross capital formation to GDP</i>	10,3	10,9	10,2	11,3
S. 11 Fyrirtæki önnur en fjármálastofnanir <i>Non-financial corporations</i>				
Verg fjármunamyndun af vinnsluvirði <i>Gross capital formation to value added</i>	18,4	19,2	17,6	19,6
Vergur rekstrarafgangur af vinnsluvirði <i>Gross operating surplus to value added</i>	45,3	42,3	42,1	40,5
S. 13 Hið opinbera <i>General government</i>				
Verg fjármunamyndun af VLF <i>Gross capital formation to GDP</i>	2,7	2,6	2,8	3,0

Tafla 2. Innlendir geirar alls 2011–2014

Table 2. Total economy 2011–2014

Verðlag hvers árs, milljónir króna Million ISK at current prices	2011	2012	2013	2014
Framleiðslureikningur Production account				
1. Framleiðsla Output	3.276.367	3.470.732	3.653.487	3.813.992
2. Aðföng Intermediate consumption	1.754.204	1.887.574	1.967.297	2.026.073
3. Skattar á vöru þjónustu - styrkir Taxes less subsidies on products	178.344	194.042	202.947	215.719
4. Verg landsframleiðsla Gross domestic product¹	1.700.507	1.777.200	1.889.136	2.003.638
5. Afskriftir Consumption of fixed capital	291.636	304.661	308.104	310.355
6. Hrein landsframleiðsla Net domestic product¹	1.408.871	1.472.539	1.581.032	1.693.282
Ráðstöfun vinnsluvirðis Generation of income account				
7. Laun og launatengd gjöld Compensation of employees (uses)	852.602	910.262	988.213	1.057.574
7.1. Launagreiðslur (gjöld) Wages and salaries (uses)	744.040	794.745	867.242	928.897
7.2. Tryggingagjöld atvinnurekenda (gjöld) Employers' social contributions (uses)	108.562	115.517	120.971	128.677
7.2.1. Tryggingagjöld til almannatrygginga og sjóða (gjöld) Employers' actual social contributions (uses)	95.018	101.490	106.628	113.792
7.2.2. Reiknað viðbótargjald (gjöld) Employers' imputed social contributions (uses)	13.544	14.028	14.344	14.885
8. Skattar á framleiðslu og innflutning (gjöld) Taxes on production and imports (uses)	230.953	252.478	264.493	311.770
8.1. Skattar á vöru og þjónustu (gjöld) Taxes on products (uses)	193.381	209.806	216.780	229.773
8.1.1. Virðisaukaskattur (gjöld) Value added type taxes (uses)	131.057	142.814	149.828	160.871
8.1.2. Innflutningsgjöld (gjöld) Taxes and duties on imports excluding VAT and duties (uses)	57.527	61.612	60.986	63.579
8.1.2.1. Tollar og aðflutningsgjöld (gjöld) Import duties (uses)	7.288	7.682	5.815	6.058
8.1.2.2. Aðrir skattar á innflutning (gjöld) Taxes on imports excluding VAT and duties (uses)	50.239	53.930	55.171	57.521
8.1.3. Útflutningsgjöld (gjöld) Export taxes (uses)	0	0	0	0
8.1.4. Aðrir vöru og þjónustuskattar (gjöld) Taxes on products except VAT, import and export taxes (uses)	4.797	5.380	5.966	5.323
8.2. Aðrir skattar á framleiðslu (gjöld) Other taxes on production (uses)	37.572	42.671	47.713	81.997
9. Framleiðslustyrkir (gjöld) Subsidies (uses)	29.001	30.258	30.731	29.148
9.1. Styrkir á vöru og þjónustu (gjöld) Subsidies on products (uses)	15.037	15.764	13.833	14.054
9.2. Aðrir framleiðslustyrkir (gjöld) Other subsidies on production (uses)	13.964	14.494	16.897	15.094
10. Vergur rekstrarafgangur Operating surplus, gross	614.904	610.576	631.139	624.424
11. Vergur afgangur af eigin rekstri Mixed income, gross	31.049	34.142	36.022	39.017
12. Hreinn rekstrarafgangur Operating surplus, net	339.543	321.182	339.250	332.019
13. Hreinn afgangur af eigin rekstri Mixed income, net	14.774	18.875	19.807	21.067
Skipting frumtekna Allocation of primary income account				
14. Laun og launatengdar tekjur Compensation of employees (resources)	864.644	924.847	1.005.864	1.073.316
14.1. Launagreiðslur (tekjur) Wages and salaries (resources)	756.082	809.330	884.893	944.639
14.2. Tryggingagjöld atvinnurekenda (tekjur) Employers' social contributions (resources)	108.562	115.517	120.971	128.677
14.2.1. Tryggingagjöld til almannatrygginga og sjóða (tekjur) Employers' actual social contributions (resources)	95.018	101.490	106.628	113.792
14.2.2. Reiknað viðbótargjald (tekjur) Employers' imputed social contributions (resources)	13.544	14.028	14.344	14.885
15. Skattar á framleiðslu og innflutning (tekjur) Taxes on production and imports (resources)	230.953	252.478	264.493	311.770
15.1. Skattar á vöru og þjónustu (tekjur) Taxes on products (resources)	193.381	209.806	216.780	229.773
15.1.1. Virðisaukaskattur (tekjur) Value added type taxes (resources)	131.057	142.814	149.828	160.871
15.1.2. Innflutningsgjöld (tekjur) Taxes and duties on imports excluding VAT and duties (resources)	57.527	61.612	60.986	63.579
15.1.2.1. Tollar og aðflutningsgjöld (tekjur) Import duties (resources)	7.288	7.682	5.815	6.058

Tafla 2. Innlendir geirar alls 2011–2014 (frh.)

Table 2. Total economy 2011–2014 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljónir króna Million ISK at current prices	2011	2012	2013	2014
15.1.2.2. Aðrir skattar á innflutning (tekjur) <i>Taxes on imports excluding VAT and duties (resources)</i>	50.239	53.930	55.171	57.521
15.1.3. Útflutningsgjöld (tekjur) <i>Export taxes (resources)</i>	0	0	0	0
15.1.4. Aðrir vöru og þjónustuskattar (tekjur) <i>Taxes on products except VAT, import and export taxes (resources)</i>	4.797	5.380	5.966	5.323
15.2. Aðrir skattar á framleiðslu (tekjur) <i>Other taxes on production (resources)</i>	37.572	42.671	47.713	81.997
16. Framleiðslustyrkir (tekjur) <i>Subsidies (resources)</i>	29.001	30.258	30.731	29.148
16.1. Styrkir á vöru og þjónustu (tekjur) <i>Subsidies on products (resources)</i>	15.037	15.764	13.833	14.054
16.2. Aðrir framleiðslustyrkir (tekjur) <i>Other subsidies on production (resources)</i>	13.964	14.494	16.897	15.094
17. Eignagjöld <i>Property income (uses)</i>	1.164.296	1.327.817	1.166.715	967.466
17.1. Vaxtagjöld <i>Interest (uses)</i>	1.046.672	1.209.274	1.026.414	857.730
17.2. Arðgreiðslur af hlutabréfum <i>Dividends (uses)</i>	12.400	40.391	97.861	56.800
17.3. Endurfjárfesting hagnaðar af erlendum fjárfestingum (gjöld) <i>Reinvested earnings on foreign direct investment (uses)</i>	12.856	-12.621	-46.419	-44.788
17.4 Eignatekjur af tryggingasjóðum (gjöld) <i>Property income attributed to insurance policy holders (uses)</i>	83.294	74.568	73.547	84.198
17.4.1. Fjárfestingatekjur rekjanlegar til váttryggingataka (gjöld) <i>Investment income attributable to insurance policy holders (uses)</i>	5.148	3.903	3.327	2.682
17.4.2. Fjárfestingatekjur tengdar greiðslu lífeyrisréttinda (gjöld) <i>Investment income payable on pensions entitlements (uses)</i>	78.146	70.665	70.221	81.517
17.5 Leiga af landi (gjöld) <i>Rent (uses)</i>	9.074	16.204	15.311	13.526
18. Eignatekjur <i>Property income (resources)</i>	940.396	1.146.595	1.123.608	917.282
18.1. Vaxtatekjur <i>Interest (resources)</i>	770.149	989.987	911.430	756.353
18.2. Arður af hlutabréfum <i>Dividends (resources)</i>	51.389	224.480	107.901	60.678
18.3. Endurfjárfesting hagnaðar af erlendum fjárfestingum (tekjur) <i>Reinvested earnings on foreign direct investment (resources)</i>	27.771	-157.227	16.805	4.734
18.4 Eignatekjur af tryggingasjóðum <i>Property income attributed to insurance policy holders (resources)</i>	82.013	73.151	72.160	81.992
18.4.1. Fjárfestingatekjur rekjanlegar til váttryggingataka (tekjur) <i>Investment income attributable to insurance policy holders (resources)</i>	6.633	5.509	5.156	4.189
18.4.2. Fjárfestingatekjur tengdar greiðslu lífeyrisréttinda (tekjur) <i>Investment income payable on pensions entitlements (resources)</i>	75.380	67.642	67.004	77.803
18.5 Leiga af landi (tekjur) <i>Rent (resources)</i>	9.074	16.204	15.311	13.526
19. Vergar þjóðartekjur <i>Balance of primary income, gross/National income, gross</i>	1.488.649	1.610.563	1.863.680	1.969.196
20. Hreinar þjóðartekjur <i>Balance of primary income, net/National income, net</i>	1.197.013	1.305.903	1.555.576	1.658.841
Tekjutilfærslur <i>Secondary distribution of income account</i>				
21. Tekju-eignaskattar ofl. (gjöld) <i>Current taxes on income, wealth etc. (uses)</i>	284.592	304.735	336.651	383.848
21.1. Almennir tekjuskattar (gjöld) <i>Taxes on income (uses)</i>	266.823	283.238	315.577	360.474
21.2. Eignaskattar, leyfisgjöld ofl. (gjöld) <i>Other current taxes (uses)</i>	17.768	21.497	21.074	23.374
22. Tryggingagjöld (gjöld) <i>Social contributions (uses)</i>	285.567	282.699	293.683	319.558
22.1. Tryggingagjöld vinnuveitenda (gjöld) <i>Employers' actual social contributions (uses)</i>	153.385	157.317	166.803	176.811
22.2. Reiknuð framlög vinnuveitenda (gjöld) <i>Employers' imputed social contributions (uses)</i>	13.544	14.028	14.344	14.885
22.3. Tryggingagjöld launþega (gjöld) <i>Households' actual social contributions (uses)</i>	45.450	46.394	48.501	52.817
22.4. Viðbótaframlög heimila til lífeyrissjóða (gjöld) <i>Households' social contribution supplements (uses)</i>	78.146	70.665	70.221	81.517
22.5. Þjónustugjöld lífeyriskerfisins (gjöld) <i>Social insurance scheme service charges (uses)</i>	-4.958	-5.705	-6.185	-6.471
23. Lífeyrir og félagslegar bætur (gjöld) <i>Social benefits other than social transfers in kind (uses)</i>	192.315	198.951	206.532	226.022
23.1. Bætur almannatrygginga (gjöld) <i>Social security benefits in cash (uses)</i>	98.552	99.813	100.910	106.913
23.2. Lífeyrir lífeyrissjóða (gjöld) <i>Private funded social benefits (uses)</i>	82.039	87.504	93.255	105.380

Tafla 2. Innlendir geirar alls 2011–2014 (frh.)
Table 2. Total economy 2011–2014 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljónir króna Million ISK at current prices	2011	2012	2013	2014
23.3. Félagsleg aðstoð (gjöld) <i>Unfunded employee social benefits (uses)</i>	11.723	11.634	12.367	13.729
24. Aðrar tekjutilfærslur (gjöld) <i>Other current transfers (uses)</i>	311.351	301.847	315.380	322.881
24.1. Hrein váttryggingariðgjöld (gjöld) <i>Net non-life insurance premiums (uses)</i>	33.076	30.701	31.460	32.598
24.2. Bætur váttryggingafélaga (gjöld) <i>Net non-life insurance claims (uses)</i>	33.932	32.131	32.905	34.168
24.3. Tekjutilfærslur innan hins opinbera (gjöld) <i>Current transfers within general government (uses)</i>	189.639	186.920	199.279	202.606
24.4. Tekjutilfærslur vegna alþjóðastofnanna (gjöld) <i>Current international cooperation (uses)</i>	0	0	0	0
24.5. Ýmsar tekjutilfærslur (gjöld) <i>Miscellaneous current transfers (uses)</i>	54.704	52.095	51.736	53.508
25. Tekju-eignaskattar ofl. (tekjur) <i>Current taxes on income, wealth etc. (resources)</i>	284.592	304.735	336.651	383.848
25.1. Almennir tekjuskattar (tekjur) <i>Taxes on income (resources)</i>	266.823	283.238	315.577	360.474
25.2. Eignaskattar, leyfisgjöld ofl. (tekjur) <i>Other current taxes (resources)</i>	17.768	21.497	21.074	23.374
26. Tryggingagjöld (tekjur) <i>Social contributions (resources)</i>	285.567	282.699	293.683	319.558
26.1. Tryggingagjöld vinnuveitenda (tekjur) <i>Employers' actual social contributions (resources)</i>	153.385	157.317	166.803	176.811
26.2. Reiknuð framlög vinnuveitenda (tekjur) <i>Employers' imputed social contributions (resources)</i>	13.544	14.028	14.344	14.885
26.3. Tryggingagjöld launþega (tekjur) <i>Households' actual social contributions (resources)</i>	45.450	46.394	48.501	52.817
26.4. Viðbótaframlög heimila til lífeyrissjóða (tekjur) <i>Households' social contribution supplements (resources)</i>	78.146	70.665	70.221	81.517
26.5. Þjónustugjöld lífeyriskerfisins (tekjur) <i>Social insurance scheme service charges (resources)</i>	-4.958	-5.705	-6.185	-6.471
27. Lífeyrir og félagslegar bætur (tekjur) <i>Social benefits other than social transfers in kind (resources)</i>	192.315	198.951	206.532	226.022
27.1. Bætur almannatrygginga (tekjur) <i>Social security benefits in cash (resources)</i>	98.552	99.813	100.910	106.913
27.2. Lífeyrir lífeyrissjóða (tekjur) <i>Private funded social benefits (resources)</i>	82.039	87.504	93.255	105.380
27.3. Félagsleg aðstoð (tekjur) <i>Unfunded employee social benefits (resources)</i>	11.723	11.634	12.367	13.729
28. Aðrar tekjutilfærslur (tekjur) <i>Other current transfers (resources)</i>	298.161	287.907	299.039	306.212
28.1. Hrein váttryggingariðgjöld (tekjur) <i>Net non-life insurance premiums (resources)</i>	33.704	31.429	32.203	33.366
28.2. Bætur váttryggingafélaga (tekjur) <i>Net non-life insurance claims (resources)</i>	33.932	32.130	32.904	34.167
28.3. Tekjutilfærslur innan hins opinbera (tekjur) <i>Current transfers within general government (resources)</i>	189.639	186.920	199.279	202.606
28.4. Tekjutilfærslur vegna alþjóðastofnanna (tekjur) <i>Current international cooperation (resources)</i>	2.623	2.887	2.756	2.480
28.5. Ýmsar tekjutilfærslur (tekjur) <i>Miscellaneous current transfers (resources)</i>	38.264	34.541	31.896	33.592
29. Vergar ráðstöfunartekjur <i>Disposable income, gross</i>	1.475.459	1.596.623	1.847.338	1.952.527
30. Hreinar ráðstöfunartekjur <i>Disposable income, gross</i>	1.183.823	1.291.963	1.539.234	1.642.172
Tekjujöfnun í fríðu <i>Redistribution of income in kind account</i>				
31. Félagslegar greiðslur í fríðu (gjöld) <i>Social transfers in kind (uses)</i>	296.923	306.466	327.108	352.566
31.1 Félagslegar bætur í fríðu (gjöld) <i>Social benefits in kind (uses)</i>	54.647	54.751	59.340	63.733
31.1.1. Bætur almannatrygginga, endurgreiðslur (gjöld) <i>Social security benefits, reimbursements (uses)</i>	1.889	1.995	2.312	3.012
31.1.2. Aðrar bætur í fríðu (gjöld) <i>Other social security benefits in kind (uses)</i>	47.309	47.981	49.684	52.930
31.1.3. Félagsleg aðstoð í fríðu (gjöld) <i>Social assistance benefits in kind (uses)</i>	5.449	4.775	7.343	7.791
31.2. Tilfærsla á einstaklingsbundinni utanmarkaðs vöru og þjónustu (gjöld) <i>Transfers of individual non-market goods and services (uses)</i>	242.277	251.715	267.768	288.833
32. Félagslegar greiðslur í fríðu (tekjur) <i>Social transfers in kind (resources)</i>	296.923	306.466	327.108	352.566
32.1 Félagslegar bætur í fríðu (tekjur) <i>Social benefits in kind (resources)</i>	54.647	54.751	59.340	63.733
32.1.1. Bætur almannatrygginga, endurgreiðslur (tekjur) <i>Social security benefits, reimbursements (resources)</i>	1.889	1.995	2.312	3.012
32.1.2. Aðrar bætur í fríðu (tekjur) <i>Other social security benefits in kind (resources)</i>	47.309	47.981	49.684	52.930

Tafla 2. Innlendir geirar alls 2011–2014 (frh.)
Table 2. Total economy 2011–2014 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljónir króna <i>Million ISK at current prices</i>	2011	2012	2013	2014
32.1.3. Félagsleg aðstoð í friðu (tekjur) <i>Social assistance benefits in kind (resources)</i>	5.449	4.775	7.343	7.791
32.2. Tilfærsla á einstaklingsbundinni utanmarkaðs vöru og þjónustu (tekjur) <i>Transfers of individual non-market goods and services (resources)</i>	242.277	251.715	267.768	288.833
33. Leiðréttað vergar ráðstöfunartekjur <i>Adjusted disposable income, gross</i>²	1.475.459	1.596.623	1.847.338	1.952.527
34. Leiðréttað hreinar ráðstöfunartekjur <i>Adjusted disposable income, net</i>²	1.183.823	1.291.963	1.539.234	1.642.172
Notkun ráðstöfunartekna <i>Use of disposable income account</i>				
35. Einka- og samneysla <i>Final consumption expenditure</i>	1.300.135	1.384.685	1.447.080	1.531.492
35.1. Einkaneysla <i>Individual consumption expenditure</i>	1.144.019	1.220.374	1.278.101	1.359.369
35.2. Samneysla <i>Collective consumption expenditure</i>	156.116	164.311	168.979	172.123
36. Leiðrétting fyrir breytingu á hreinni eign heimila á lífeyrissjóðum (gjöld) <i>Adjustment for the change in net equity of households on pension funds (uses)</i>	123.164	116.284	116.186	125.860
37. Leiðrétting fyrir breytingu á hreinni eign heimila á lífeyrissjóðum (tekjur) <i>Adjustment for the change in net equity of households on pension funds (resources)</i>	123.164	116.284	116.186	125.860
38. Vergur sparnaður <i>Saving, gross</i>	175.324	211.939	400.258	421.035
39. Hreinn sparnaður <i>Saving, net</i>	-116.311	-92.722	92.154	110.680
Fjármagnsreikningur <i>Capital account</i>				
40. Verg fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	261.613	284.506	296.846	345.759
41. Afskriftir / fjármunanotkun <i>Consumption of fixed capital</i>	291.636	304.661	308.104	310.355
42. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	3.357	1.800	-4.953	2.045
43. Fengnar fjármagnstílfærslur <i>Capital transfers, receivable</i>	31.106	26.881	17.319	47.694
44. Veittar fjármagnstílfærslur <i>Capital transfers, payable</i>	-32.580	-28.125	-18.609	-49.286
45. Hrein lánveiting (+) / hrein lán (-) <i>Net lending (+) / net borrowing (-)</i>	-91.119	-75.611	107.075	71.639
46. Breytingar hreins virðis vegna sparnaða og fjármagnstílfærslna <i>Changes in net worth due to saving and capital transfers</i>	-117.785	-93.966	90.864	109.088

1 Fyrir hagkerfið í heild jafngildir verg/hrein landsframleiðsla vinnsluvirði úr hverjum geira auk leiðréttingar aðfanga vegna framleiðsluskatta að frádreginni leiðréttingu aðfanga vegna framleiðslustyrkja. For the total economy this item corresponds to gross domestic product, net domestic product respectively. It is equal to the value added of the institutional sectors plus taxes less subsidies on products.

2 Leiðréttað ráðstöfunartekjur eru ráðstöfunartekjur hvers geira að viðbættum/frádregnum félagslegum greiðslum í friðu (e. social transfers in kind) til eða frá viðkomandi geira. Adjusted disposable income is derived from the disposable income of an institutional unit or sector by adding the value of the social transfers in kind receivable by that unit or sector and by subtracting the value of the social transfers in kind payable by that unit or sector.

Tafla 3. Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki 2011–2014Table 3. *Non-financial corporations 2011–2014*

Verðlag hvers árs, milljónir króna <i>Million ISK at current prices</i>	2011	2012	2013	2014
Framleiðslureikningur <i>Production account</i>				
1. Framleiðsla <i>Output</i>	2.294.208	2.443.875	2.610.636	2.698.127
2. Aðföng <i>Intermediate consumption</i>	1.357.724	1.467.778	1.543.609	1.580.101
4. Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i>^{*1}	936.485	976.097	1.067.027	1.118.027
5. Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	170.829	180.352	178.904	176.097
6. Hrein landsframleiðsla <i>Net domestic product</i>^{*1}	765.656	795.745	888.123	941.930
Ráðstöfun vinnsluvirðis <i>Generation of income account</i>				
7. Laun og launatengd gjöld <i>Compensation of employees (uses)</i>	495.299	546.388	597.803	644.980
7.1. Launagreiðslur (gjöld) <i>Wages and salaries (uses)</i>	447.132	493.710	543.176	586.838
7.2. Tryggingagjöld atvinnurekenda (gjöld) <i>Employers' social contributions (uses)</i>	48.166	52.678	54.627	58.142
7.2.1. Tryggingagjöld til almannatrygginga og sjóða (gjöld) <i>Employers' actual social contributions (uses)</i>	48.166	52.678	54.627	58.142
8. Skattar á framleiðslu og innflutning (gjöld) <i>Taxes on production and imports (uses)</i>	16.861	17.305	19.738	20.171
8.2. Aðrir skattar á framleiðslu (gjöld) <i>Other taxes on production (uses)</i>	16.861	17.305	19.738	20.171
9. Framleiðslustyrkir (gjöld) <i>Subsidies (uses)</i>	12.504	13.576	15.857	14.149
9.2. Aðrir framleiðslustyrkir (gjöld) <i>Other subsidies on production (uses)</i>	12.504	13.576	15.857	14.149
10. Vergur rekstrarafgangur <i>Operating surplus, gross</i>	424.325	412.404	449.486	452.876
12. Hreinn rekstrarafgangur <i>Operating surplus, net</i>	253.496	232.052	270.582	276.780
Skipting frumtekna <i>Allocation of primary income account</i>				
17. Eignagjöld <i>Property income (uses)</i>	326.723	308.396	257.102	211.440
17.1. Vaxtagjöld <i>Interest (uses)</i>	305.300	292.134	247.784	220.181
17.2. Arðgreiðslur af hlutabréfum <i>Dividends (uses)</i>	1.170	14.518	42.333	24.523
17.3. Endurfjárfesting hagnaðar af erlendum fjárfestingum (gjöld) <i>Reinvested earnings on foreign direct investment (uses)</i>	12.847	-12.613	-46.388	-44.758
17.5 Leiga af landi (gjöld) <i>Rent (uses)</i>	7.406	14.357	13.374	11.494
18. Eignatekjur <i>Property income (resources)</i>	86.082	-55.023	145.064	97.651
18.1. Vaxtatekjur <i>Interest (resources)</i>	56.810	63.419	56.545	81.953
18.2. Arður af hlutabréfum <i>Dividends (resources)</i>	3.317	4.829	72.118	9.512
18.3. Endurfjárfesting hagnaðar af erlendum fjárfestingum (tekjur) <i>Reinvested earnings on foreign direct investment (resources)</i>	22.325	-126.393	13.509	3.806
18.4 Eignatekjur af tryggingasjóðum <i>Property income attributed to insurance policy holders (resources)</i>	1.654	1.254	1.059	848
18.5 Leiga af landi (tekjur) <i>Rent (resources)</i>	1.977	1.868	1.833	1.534
19. Vergar þjóðartekjur <i>Balance of primary income, gross/National income, gross</i>	183.684	48.986	337.448	339.087
20. Hreinar þjóðartekjur <i>Balance of primary income, net/National income, net</i>	12.855	-131.366	158.544	162.991

Tafla 3. Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki 2011–2014 (frh.)
 Table 3. Non-financial corporations 2011–2014 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljónir króna <i>Million ISK at current prices</i>	2011	2012	2013	2014
Tekjutilfærslur <i>Secondary distribution of income account</i>				
21. Tekju-eignaskattar ofl. (gjöld) <i>Current taxes on income, wealth etc. (uses)</i>	34.013	34.903	37.583	61.537
21.1. Almennir tekjuskattar (gjöld) <i>Taxes on income (uses)</i>	22.556	21.265	25.395	48.914
21.2. Eignaskattar, leyfisgjöld ofl. (gjöld) <i>Other current taxes (uses)</i>	11.456	13.638	12.188	12.623
24. Aðrar tekjutilfærslur (gjöld) <i>Other current transfers (uses)</i>	10.826	10.101	10.253	10.547
24.1. Hrein váttryggingariðgjöld (gjöld) <i>Net non-life insurance premiums (uses)</i>	10.826	10.101	10.253	10.547
28. Aðrar tekjutilfærslur (tekjur) <i>Other current transfers (resources)</i>	12.262	11.260	10.983	11.270
28.2. Bætur váttryggingafélaga (tekjur) <i>Net non-life insurance claims (resources)</i>	12.262	11.260	10.983	11.270
29. Vergar ráðstöfunartekjur = vergur sparnaður <i>Disposable income, gross = gross saving</i>	151.108	15.242	300.596	278.273
30. Hreinar ráðstöfunartekjur = hreinn sparnaður <i>Disposable income, gross = gross saving</i>	-19.721	-165.110	121.692	102.176
Fjármagnsreikningur <i>Capital account</i>				
40. Verg fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	172.652	186.956	187.749	219.634
